

# Þingsályktun

## um náttúruverndaráætlun 2009–2013.

Alþingi ályktar, með vísan til 65. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu ellefu svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða, byggðu á faglegum forsendum, til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

Náttúrustofur komi að undirbúningi og framkvæmd náttúruverndaráætlana í samræmi við margháttað hlutverk þeirra samkvæmt lögum.

Eftirtalin svæði og tegundir lífvera verði á náttúruverndaráætlun 2009–2013:

### I. Plöntusvæði.

- Snæfjallaströnd – Kaldalón.
- Eyjólfsstaðaskógur.
- Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettur.
- Gerpissvæðið.
- Steinadalur í Suðursveit (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

### II. Dýrasvæði.

- Undirhlíðar í Nesjum.
- Tjarnir á Innri-Hálsum í Berufirði.

### III. Vistgerðir á hálendinu.

Tvær vistgerðir á hálendinu verði friðaðar, rústamýravist og breiskjuhraunavist. Verndun þeirra verði m.a. tryggð með því að friðlýsa eftirtalin svæði:

- Orravatnsrústir,
- stærra friðland í Þjórsárverum,
- svæði í Skaftártungum og á Síðuafretti (sem verða hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

### IV. Jarðfræðisvæði.

Langisjór og nágrenni (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

**V. Tegundir plantna og dýra.**

Friðlýstar verði:

- a. 24 tegundir háplantna,
- b. 45 tegundir mosa,
- c. 90 tegundir fléttna,
- d. þrjár tegundir hryggleysingja: tröllasmiður, tjarnarklukka og brekkubobbi.

**Svæði sem eru á fyrstu náttúruverndaráætlun og unnið verður með áfram.**

Áfram verði unnið að friðlýsingu svæða sem eru á fyrri náttúruverndaráætlun. Staða í undirbúningi friðlýsingar þessara svæða er mjög misjöfn, en reynt verður að friðlýsa sem flest á tímabilinu.

---

*Samþykkt á Alþingi 2. febrúar 2010.*